



TÁLKNAFJARÐARHREPPUR



Fasteignagjöld 2019

Álagning íbúðarhúsnæðis :

2019

Fasteignaskattur.	0,50% af hús- og lóðamati.
Vatnsgjald.	0,35% af hús- og lóðamati.
Holræsagjald.	0,40% af hús- og lóðamati.
Lóðarleiga.	2,5% af lóðarmati.
Sorphreinsunargjald, íbúðir	20.000.- kr. á hvert sorplát.
Sorpeyðingargjald, íbúðir	32.500.- kr. á hvert sorplát.
Umhverfisgjald, sumarhús, lögbýli	32.500- kr.

Gjalddagar verða 7. Fyrsti gjalddagi 1.febrúar, síðan 1.hvers mánaðar (febrúar til ágúst). Eindagi er 30 dögum eftir gjalddaga. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga ef ekki er greitt fyrir eindaga. Ef gjöld eru samtals lægri en kr. 25.000.- er um einn gjalddaga að ræða og er hann 15.febrúar. Ef álagning er kr. 500.- eða lægri verður krafan ekki innheimt. Álagningarseðlar verða EKKI sendir út en verða aðgengilegir á island.is

Vinsamlega athugið að ekki verða sendir út greiðsluseðlar nema þess sé sérstaklega óskað. Greiðsluseðlar munu birtast í heimabanka. Engin breyting verður hjá þeim sem pöntuðu seðla í fyrra. Hægt er að panta og afpanta seðla og álagningarseðla með því að hringja í síma 450-2500 á opnunartíma skrifstofu og/eða senda tölvupóst á talknafjordur@talknafjordur.is.

Veittur verður afsláttur af fasteignaskatti til þeirra elli- og örorkulífeyrisþega, sem eiga lögheimili í og eru þinglýstir eigendur viðkomandi fasteignar og/eða geti á rétt á vaxtabótum vegna hennar skv. B-lið 68.gr.laga nr. 90/2003 um tekju og eignaskatt. Einungis er veittur afsláttur vegna íbúðarhúsnæðis til eigin nota. Miðast afslátturinn við eftirfarandi tekjumörk liðins árs :

a) Ef um er að ræða einstaklinga;

- með brúttótekjur undir 3.670.000 kr. getur niðurfelling orðið 100%
- með brúttótekjur milli 3.670.001 – 4.629.000 kr. getur niðurfelling orðið 70%

b) Ef um er að ræða hjón;

- með brúttótekjur undir 5.096.500 kr., getur niðurfelling orðið 100%
- með brúttótekjur milli 5.096.501 – 6.481.000 kr. getur niðurfelling orðið 70%

Við álagningu fasteignagjalda er afslátturinn reiknaður út frá álagningu 2018 vegna skatttekna 2017. Vinsamlega athugið að afslátturinn verður endurreiknaður þegar skattframtal 2019 vegna skatttekna 2018 liggur fyrir.

Álagning atvinnuhúsnæðis :

Fasteignaskattur er 1,65% af hús- og lóðarmati, vatnsgjald 0,5% og holræsagjald 0,3% . Lóðarleiga er 3% af fasteignamati lóðar.



TÁLKNAFJARÐARHREPPUR



Gjaldskrá fyrir móttöku á gámavelli:

Sveitarstjórn samþykkti gjaldskrá fyrir móttöku sorps á gámavelli. Tekið verður upp klippikort og mun eitt kort verða sent á hvert heimili. Klippikortið er innifalið í sorpgjöldum og gildir fyrir móttöku á 4m³. Opnunartími á gámaplani er miðvikudögum 15 – 17.

Heiti úrgangsflokks	Gjaldskylt frá heimilum	Gjaldskylt frá rekstraraðilum	Úrvinnslu-gjald	Klippikort með 16 x 0.25 m ³	Verð án korts pr. m ³
Pressanlegur úrgangur	Já	Já	nei	x	5.600
Almennur heimilisúrgangur	Já	Já	nei	x	5.600
Grófur úrgangur frá framkvæmdum	Já	Já	nei	x	5.600
Steinefni frá framkvæmdum	Já	Já	nei	x	5.600
Gifs og gifspötur frá framkvæmdum	Já	Já	nei	x	5.600
Bólstruð húsgögn, dýnur o.þ.h.	Já	Já	nei	x	5.600
Húsgögn o.þ.h. ekki málað/plasthúðað	Já	Já	nei	x	5.600
Húsgögn o.þ.h. málað/plasthúðað	Já	Já	nei	x	5.600
Vörubretti, kassar o.þ.h.	Já	Já	nei	x	5.600
Ómálað timbur	Já	Já	nei	x	5.600
Málað timbur	Já	Já	nei	x	5.600
Brotamálmar hvers konar	Já	Já	nei	x	5.600
Pappír	nei	nei			x
Bylgjupappi og sléttur pappi	nei	nei			x
Plastumbúðir og annað plast	nei	nei			x
Fernur	nei	nei			x
Hjólbarðar	nei	nei	Já		x
Heyrúlluplast	nei	nei	Já		x
Öll raftæki	nei	nei	Já		x
Öll spilliefni	nei	nei			x
Gras					
Trjágreinar					
Hey frá dýrahaldi					
Garðaúrgangur					
Jarðvegur					

Klippikort innifalið í sorphirðugjöldum alls 4 m³

Nýtt klippikort 4 m³, keypt á skrifstofu 8.500

Að öðru leyti vísast til samþykktar Hreppsnefndar Tálknafjarðarhrepps frá 13. desember 2018 og laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 ásamt síðari breytingum.

Bryndís Sigurðardóttir,

sveitarstjóri



TÁLKNAFJARÐARHREPPUR

